


### Hleðslur - jarðvegsskipti:

Þegar skipt er um jarðveg undir vegg verður einnig að skipta um jarðveg fyrir framan og aftan hann með frostfrírri grús, um það 0,7 x hæðin á veggnum. Gott er að setja jarðvegisdúk milli moldar og fyllingar. Þetta á bæði við um veggeiningar og fornhleðslustein.


### Stoðveggjaeiningar og L-stoðveggir:




Þegar stoðveggjaeiningunum er raðað upp verður að gæta þess að setja þær beint niður þannig að þær grafi ekki undan sér. Gæta verður þess að fóturinn sitji allur á sandi.

Þegar búið er að koma öllum einingunum fyrir er gengið frá festingum á bakhlið:

1) 10 mm jærnteinur (a) er rennt gegnum eyru á bakhlið eininganna. Járnin eru látin skarast um 40cm.



2) Tréstockar (b) eru festir við eyrun með þar til gerðum krókum. Stokkarnir eru 2,5 m á lengd og dugar að setja 2 króka á hvern stökk.



3) Steypt er í stökkana. Steypuhula (þykkt steypu utan á jærnum) skal vera minnst 2 cm.

Eftir 2-3 sólarhringa hefur steypan í stökkunum náð að harðna nægilega og þá má fylla að veggnum. Nota skal ófrostvirkt efni, grús, í um 50 cm lag út frá veggnum og meðfram honum aftanverðum eins og sýnt er á mynd.

Tréstockarnir, jærnteinarnir og krókarnir fylgja með einingunum.

Hægt er að sérpanta veggeiningu í breidd eftir máli (undir 50 cm).